

Nd.

672. Breytingartillögur

við frv. til l. um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

Frá Ólafi Thors og Bjarna Ásgeirssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Frá 1. maí 1943 skal leggja undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur jarðirnar Elliðavatn og Hólm í Seltjarnarneshreppi ásamt lóðum og löndum, sem úr þeim hafa verið seldar, svo og spildu þá úr landi jarðarinnar Vatnsenda í sama hreppi, er bæjarstjórn Reykjavíkur kann að taka eignarnámi samkv. heimild í lögum nr. 57 4. júlí 1942. Enn fremur skal leggja undir lögsagnarumdæmið frá sama tíma jarðirnar Grafarholt, að svo miklu leyti, sem eignarnámsheimild 3. gr. tekur til, Gufunes, Keldur, Eiði, Knútskot, Korpúlfsstaði, Lambhaga, Reynisvatn og jarðarhlutann Hólmsheiði í Mosfellshreppi, ásamt öllum lóðum og löndum, sem seldar hafa verið úr þeim.

Frá 1. maí 1953 skal leggja undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur þann hluta Grafarholts, sem samkv. 1. mgr. fellur eigi nú þegar undir það.

2. Við 2. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Frá 1. maí 1943 tekur o. s. frv.

3. Við 3. gr.

a. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Bæjarstjórn Reykjavíkur er fyrir 1. sept. 1943 heimilt o. s. frv.

b. Í stað „Norðurlandsbraut“ í niðurlagi greinarinnar komi: Vesturlandsbraut.

4. Við 4. gr. Greinin falli niður, og greinartala breytist samkv. því.